

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Áfangaheiti MYL 603		
Kennsluáætlun Vor 2014		

Kennari	Guðmundur Ármann Sigurjónsson	garmann@vma.is gmsi 864 0086	Sk.	GÁR
---------	---	---	-----	------------

Áfangalýsing

Nemendur vinna verk sem þeir sýna í lok annar. Þeir velja sér miðil eftir áhugasviði, geta dýpkað skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja. Þeir gera lýsingu á verkefni sínu ásamt áætlun um framkvæmd. Nemendur feta sköpunarferlið sjálfstætt en undir leiðsögn. (hugmyndavinna, rannsókn, framkvæmd) Nemendur leita víða gagna allt eftir því hvað hentar hverju verki. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendur vinna greinagerð sem fylgir lokaverkinu.

Markmið

Að nemandi



- sýni að hann hafi náð að tileinka sér þá þætti sem liggja að baki sjálfstæðri skapandi vinnu.
- sé fær um að vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja
 - velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
 - sýni frumkvæði og hugmyndaauðgi
 - geri verkáætlun og fylgi henni eftir
 - sýni öguð vinnubrögð
 - geti unnið sjálfstætt
- geti kynnt verk sín og rökstutt eigið val
- geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um eigin verk og samnemenda sinna þannig að gagnlegar umræður skapist.

Tímaplan:

- **15. jan.** Fundur skipulagning viðtala
- **20. - 24. jan.** Drög að verklýsing/áætlun, einstaklingsviðtöl.
- **3. - 7. febr.** Einstaklingsviðtöl.
- **19. febr.** Fundur yfirferð.
- **24. - 28. febr.** Einstaklingsviðtöl.
- **19. mars,** Fundur yfirferð.
- **24. -28. mars,** Einstaklingsviðtöl.
- **9. apríl.** Fundur yfirferð.
- **5. apríl** Fullklárað verk / **lokeyfirferð. Sýning** er áætluð **1. og 2. maí**
- **5. maí** Greinargerð / Ferlismappa
(prufur og skissur frá undirbúningsferlinu / hugmyndavinna sett fram á greinagóðan hátt /dagbókafærslur)

Verkáætlun: Í upphafi áfanga skal nemandi vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætlunin er beinagrind sem nemandi hleður utan á og getur hugmyndin breyst í vinnuferlinu.

Umræður Jafnt og þétt verða umræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Áfangaheiti MYL 603		
Kennsluáætlun Vor 2014		

Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl við kennara reglulega.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lokin þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki, lýsing á þróunarferli og afstaða höfundar til niðurstöðu.

Dagbók/skissubók: Þýðingarmikið er að nemandi vinni skissu/hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrái ferlið að baki verkinu, hugsanir pælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt eigið skapandi ferli sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðar.


Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar, velja sýningarstað og hanna kynningarefni.

Efni Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir en fá pappír og liti til skissuvinnu hjá skólanum.

Námsgögn Ýmsar bækur um listamenn og liststefnur sem tengjast hugmyndum hvers og eins, tímarit og vefsíður samtímalistasafna og einstakra listamanna.

Námsmat		Vægi
Lokaverk	25 %	50%
Mappa yfir ferlið	25 %	
Greinargerð		
Undirbúningsvinna		
Verkátætlun		
Umræður		
Ástundun, vinnulag		

Lokamat og yfirferð kennara áfangans og annara kennara brautarinnar		50%
---	--	-----



Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

*Með fyrirvara um breytingar,
Gangi ykkur vel og njótið !*

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils